

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Álftamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Forseti Alþingis
fr. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að fjárveiting til embættis umboðsmanns Alþingis verði alls kr. 105,3 millj. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að þetta jafngildi 10,3 m.kr. lækun að raungildi frá fjárlögum 2010 og sé í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnarsýslu- og eftirlitsstofnana. Gangi þetta eftir hafa árlegar fjárveitingar til embættisins ekki verið lægri síðan árið 2006 en þá voru þær alls 96 m.kr.

Eins og ég lýsti á fundi með forsætisnefnd Alþingis 16. ágúst sl. hef ég talið rétt að hafa ekki önnur afskipti af undirbúningi ákvarðana Alþingis um fjárveitingar til embættis umboðsmanns en að upplýsa forsætisnefnd þingsins, og eftir atvikum allsherjarnefnd í tengslum við umfjöllun um ársskýrslu umboðsmanns, um rekstur embættisins, áætlaðan kostnað við hann og hvaða áhrif breytingar á fjárveitingum muni hafa. Á fundinum tók ég jafnframt fram að miðað við að nær 70% af útgjöldum embættisins væri launakostnaður og lítið sem ekkert væri hægt að draga frekar saman í öðrum rekstrarkostnaði, s.s. í húsnæðismálum embættisins, að óbreyttum aðstæðum, væri ljóst að lækun fjárveitinga til embættis umboðsmanns væri aðeins hægt að mæta með fækkun starfsmanna. Líkur væru jafnframt á að það yrði til að lengja afgreiðslutíma mála hjá embættinu og að umboðsmaður yrði að halda verulega að sér höndum, ef ekki sleppa því, að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði. Einnig er rétt að taka fram að laun við embætti umboðsmanns Alþingis voru lækkuð á árunum 2009 og 2010 í samræmi við aðrar launabreytingar hjá stofnunum Alþingis, fyrst og fremst með fækkun greiddra eininga og þar með lækun á greiðslum fyrir vinnu umfram daglegan vinnutíma. Það er því minna svigrúm en áður til að mæta auknu vinnuálagi með lengri vinnutíma hjá bæði umboðsmanni og starfsfólki hans. Sú 10,3 m.kr. lækun fjárveitinga, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011, svarar til launa- og tengds kostnaðar við um einn og hálfan starfsmann hjá embættinu.

Samkvæmt áætlun um rekstur embættis umboðsmanns á árinu 2010 eru útgjöld áætluð 117,1 m. kr. og þar af eru laun 83,2 m. kr. Við það bætist aðkeypt sérfræðiaðstoð. Fjárveiting til embættisins á

árinu 2010 er samkvæmt fjárlögum 114,9 m.kr. en útgjöldum umfram heimild verður mætt með ónotaðri fjárheimild frá fyrra ári (10,8 m.kr.) Starfsmenn á skrifstofu umboðsmanns hafa að jafnaði verið um 10 síðustu árin auk umboðsmanns en á þessu ári hefur þeim fækkað í sjö. Starfsmenn embættisins hafa því ekki verið færri frá árinu 2002. Kostnaður við laun umboðsmanns og núverandi sjö starfsmanna miðað við óbreytt launakjör er á árinu 2011 áætlaður 71 m.kr. Miðað við að fjárveiting til embættisins verði alls kr. 105,3 m.kr., eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpinu, fæ ég ekki séð að unnt verði að ráða fleiri starfsmenn í stað þeirra sem hafa hætt á árinu 2010. Jafnframt liggur fyrir að draga verður saman í kaupum á aðkeyptri aðstoð en hluti af vinnu við afgreiðslu mála, einkum aðstoð við endanlega úrvinnslu og yfirferð mála, hefur allan þann tíma, sem embætti umboðsmanns hefur starfað, verið leyst með kaupum á slíkri þjónustu. Við þetta bætist einnig að á árinu 2009 fór sá starfsmaður sem gegndi starfi aðstoðarmanns umboðsmanns til starfa erlendis og vegna samdráttar í fjárveitingum til embættisins hef ég ekki ráðið að nýju í starf aðstoðarmannsins. Staða aðstoðarmanns umboðsmanns hefur verið við lýði hjá embættinu allt frá því að það tók fyrst til starfa. Í hlut aðstoðarmannsins hefur einkum komið að aðstoða umboðsmann við að semja og ganga frá álitum og leysa úr erfiðari málum sem embættið hefur fengið til afgreiðslu. Áhersla hefur verið lögð á að ráða í þetta starf einstaklinga sem hafa bæði góða þjálfun og lögfræðipekkingu til að leysa úr þeim álitaeftum sem koma á borð umboðsmanns. Sú aðstaða að umboðsmaður nýtur ekki lengur slíkrar aðstoðar við afgreiðslu mála hefur þegar leitt til þess að dráttur verður á frágangi og afgreiðslu á viðameiri málum sem berast til embættisins. Þá fór sá starfsmaður, sem hafði gegnt starfi skrifstofustjóra embættisins og starfað hjá frá árinu 2004, til starfa hjá Háskóla Íslands 1. október sl. Það hefur verið hlutverk skrifstofustjórans að annast umsjón með vinnslu á nýjum málum og fylgja eftir vinnslu mála innan embættisins. Eftir að aðstoðarmaðurinn lét af störfum kom skrifstofustjórinn einnig að því að sinna að hluta verkefnum sem aðstoðarmaðurinn annaðist áður. Þessar breytingar hafa enn orðið til þess að auka álag á núverandi starfsmenn en með þekkingu þeirra og dugnaði hefur þó tekist, enn sem komið er, að halda afgreiðslutíma og fjölda mála hjá embættinu í góðu horfi. Vandinn sem við blasir er hins vegar fjölgun kvartana sem berast til embættisins.

Það sem af er þessu ári hafa umboðsmanni Alþingis borist um 15% fleiri formlegar kvartanir heldur en á sama tíma árið 2009. Þá hefur orðið veruleg aukning á margvíslegum fyrirspurnum sem berast til embættisins í formi heimsókna, símtala og tölvupósta. Úrlausn þessara mála og leiðbeiningar sem gefa þarf taka þar af leiðandi aukinn tíma hjá starfsfólki embættisins. Þá hefur orðið nokkur breyting á viðfangsefnum þeirra mála sem berast til umboðsmanns og þar gætir í auknum mæli áhrifa af þrengingum á vinnumarkaði og í

fjármálum einstaklinga og fyrirtækja. Afskipti stjórnvalda af aðilum og athöfnum á fjármálamarkaði hafa einnig í auknum mæli borist á borð umboðsmanns. Mörg þessara mála eru þess eðlis að mikilvægt er, með tilliti til hagsmuna þeirra sem í hlut eiga og einnig framvindu mála í stjórnarsýslunni, að afgreiðsla þeirra hjá umboðsmanni taki sem allra skemmstan tíma. Ég tel ljóst að með núverandi fjölda starfsmanna hjá umboðsmanni, og meðan ekki er ráðið í starf aðstoðarmanns umboðsmanns, muni afgreiðslutími mála sem þangað berast lengjast í einhverjum tilvikum, sérstaklega í þeim tilvikum þegar afgreiðslu þeirra lýkur með álitum umboðsmanns. Þá fæ ég ekki séð að núverandi starfskraftar embættisins leyfi að umboðsmaður taki mál upp að eigin frumkvæði nema í algjörum undantekningartilvikum. Þar með dregur að hluta úr því aðhalds- og eftirlitshlutverki sem umboðsmanni Alþingis er ætlað að hafa með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga.


Ég tel líka rétt að vekja athygli Alþingis á því að með breytingum, sem samþykktar voru á lögum á þessu ári, var umboðsmanni Alþingis falið það verkefni að hafa eftirlit með því að stjórnarsýslan fari fram í samræmi við siðareglur sem settar eru á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eðli málsins samkvæmt er ekki vitað á þessari stundu í hvaða mæli þetta nýja viðfangsefni kann að leiða til aukinna verkefna hjá umboðsmanni en víst er að óbreyttur starfsmannafjöldi hjá embættinu gefur umboðsmanni lítið tækifæri til að hafa frumkvæði að umfjöllun um þau málefni sem kunna að falla undir hinar nýju siðareglur.

Eins og ég tók fram í upphafi er bréf þetta ritað til yðar, fr. forseti Alþingis, til að kynna yður og forsætisnefnd Alþingis stöðu mála hjá embætti umboðsmanns í ljósi tillögu um fjárveitingu til embættisins á næsta ári. Mér er það eðlilega ljóst að gæta þarf fyllsta aðhalds í rekstri ríkisins á næstunni og það kemur í hlut Alþingis að forgangsraða í þeim efnum. Ég vek þó athygli á því að uppi eru ráðagerðir um að auka við mannafla dómstólanna með tilheyrandi útgjöldum til að takast á við afleiðingar af áföllum í fjármálakerfi landsins haustið 2008. Þar er í flestum tilvikum um að ræða viðfangsefni sem lúta að starfsemi fjármálafyrirtækja og viðskiptum þeirra. Afleiðingar þessara áfalla hafa einnig komið fram í auknum mæli í málum hjá umboðsmanni Alþingis eins og áður segir og þar er í mörgum tilvikum um að ræða málefni einstaklinga sem eru að takast á við þessar afleiðingar í formi atvinnumissis og skerðingar á opinberri þjónustu og fyrirgreiðslu. Oft verða þessi mál trauðla lögð fyrir dómstóla auk þess sem ekki er á allra færi að standa undir kostnaði sem af því leiðir. Það verður að vera ákvörðun Alþingis í hvaða mæli það telur rétt að veita fjármunum til starfs umboðsmanns Alþingis til að leysa m.a. úr slíkum kvörtunum frá borgurunum.

Með tilliti til þess að boðað hefur verið til fundar í allsherjarnefnd mánudaginn 29. nóvember nk. þar sem fjallað verður um

skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2009 og starfsemi embættisins hef ég ákveðið að senda formanni nefndarinnar afrit af þessu bréfi.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Tryggvi Gunnarsson', with a long, sweeping tail extending to the right.

Tryggvi Gunnarsson.